

deiglan

deiglan@bladid.net



Ariur eftir Mozart

Þorbjörn Björnsson barítón og Jan Czajkowski píanóleikari flytja ariur eftir Henry Purcell, W.A. Mozart, Charles Ives, Gabriel Fauré og fleiri á Sumartónleikum Listasafns Sigurjóns Ólafssonar í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 20:30.



Kassi úr vikursteini. Halldór Ásgeirsson bræðir stóran kassa úr vikursteini sem hefur verið reistur fyrir utan Hafnarborg. Halldór mun vinna að verkinu fram til loka ágústmánaðar.

Hin blíðu hraun

Í Hafnarborg í Hafnarfirði stendur sýningin Hin blíðu hraun yfir en sýningin beinir sjónum að hrauninu sem er allt um kring í Hafnarfirði. Þrátt fyrir að hraunin séu ill yfirferðar heillar nálægð þeirra. Yfirskrift sýningarinnar „Hin blíðu hraun“ er frá Jóhannesi Kjarval og hraunið dregur líka að sér listamenn sem sækja þangað innblástur líkt og Kjarval. Á sýningunni má sjá úrvinnslu tólf samtímalistamanna í alla mögulega miðla; málverk, skúlpúta, lágmyndir og myndbandsverk.

Umhverfið í hrauninu

Listamennirnir sem sýna á sýningunni eru Anna Línal, Bjarni Sigurbjörnsson, Guðrún Kristjánsdóttir, Erling TV Klingenberg, Sigrún Sirra Sigurðardóttir, Halldór Ásgeirsson, Kristbergur Pétursson, Patrick Huse, Ragna Róbertsdóttir, Spessi og Steina Vasulka. Hin blíðu hraun er haldin í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar sem fagnar sextíu ára afmæli á þessu ári. Í sextíu ár hefur Skógræktarfélag Hafnarfjarðar átt mikinn þátt í að opna augu fólks fyrir umhverfinu í hrauninu og náttúrunni í nágrenni bæjarins.

Efling kynjarannsóknna

Forsætisráðuneytið auglýsir eftir umsóknnum í Jafnréttissjóð. Tilgangur Jafnréttissjóðs er að efla kynjarannsóknir og stuðla þannig að bættri stöðu kvenna og karla og framgangi jafnréttis.

Umsóknarfrestur er til 1. september 2006 og verður úthlutað úr sjóðnum á degi Sameinuðu þjóðanna, 24. október 2006. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn hafi 10 millj. kr. til ráðstöfunar fyrir hvert starfsár og að styrkir séu ekki færri en þrjú og ekki fleiri en fimm.


Landslagið og Þjóðsagan:

Sambland manns og náttúru

Um þessar mundir er einkar áhugaverð sýning á Listasafni Íslands en þar er fjallað um íslenska landslagslist frá upphafi 20. aldar. Þar eru einnig sýnd verk sem byggja á túlkun þjóðsagna, meðal annars úr safni Ásgríms Jónssonar. Mörg af öndvegisverkum íslenskrar myndlistar frá fyrri hluta 20. aldar eru á sýningunni, meðal annars verk eftir Þórarin B. Þorláksson, Ásgrím Jónsson, Jón Stefánsson, Jóhannes Kjarval, Guðmund Thorsteinsson, Júlíönu Sveinsdóttur, Kristínu Jónsdóttir og Svein Þórarinnsson. Þar má líka finna verk eftir yngri listamenn sem takast á við landslagið og þjóðsöguna, til dæmis Sigurð Guðmundsson, Magnús Pálsson, Helga Þorgils, Georg Guðna, Hrafnkel Sigurðsson, Magnús Sigurðsson, Sigurð Árna, Halldór Ásgeirsson, Ólaf Elíasson, Eggert Pétursson og Ólöfu Nordal. Það eru alls 27 listamenn sem eiga 95 verk á sýningunni sem stendur til 24. september.

Landslag kveikir ímyndunarafl

Sýningin er að mestu byggð á verkum í eigu Listasafns Íslands og er ekki tilraun til að gera heildarúttekt á efninu. Hins vegar er



Fiskar sjávar Verk eftir Helga Þorgils Friðjónsson frá árinu 1995.

sýningunni fyrst og fremst ætlað að leggja áherslu á einstök verk er

fjalla um samband manns og náttúru, hvernig landslagið kveikir ímyndunarafl, höfðar til tilfinninganna og er myndlistarmönnum óþrjótandi uppspretta. Með vaxandi togaraútgærd í upphafi 20. aldar skapaðist grundvöllur fyrir starfandi listamenn sem gátu haft atvinnu af listsköpun sinni. Sú kynslóð íslenskra myndlistarmanna sem kom fram á sjónarsviðið frá aldamótunum fram til 1930 tók virkan þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar með því að dásama íslenska náttúru í verkum sínum á svipaðan hátt og þjóðskáldin.



Porgeirsboli Verk eftir Jón Stefánsson frá árinu 1929.

Hvað er að gerast?

ÞRIÐJUDAGURINN 18. JÚLÍ

KL. 19:00 GÖNGUFERÐ


Ari Trausti Guðmundsson jarðfræðingur stýrir þriðjudagsgöngu í Viðey í kvöld. Farið verður vítt og breitt yfir jarðfræði Viðeyjar sem er hluti af fornri eldstöð og býr yfir mörgum fallgum bergmyndunum. Gangan hefst í Sundahöfn kl. 19 og er ferjutollur 750 kr. fyrir fullorðna og 350 kr. fyrir börn.

KL. 19:00 TÓNLIST

Í kvöld verður Þungarokk gegn Þunglúðu í Kaffi Hljómaland. Það er frítt inn en á staðnum verða söfnunarbaugar til að safna fyrir mat handa mótmælendum í búðunum við Kárahnjúka. Á tónleikumunum spila Þórir, The Deathmetal Supersquad, Oak Society og The Best Hardcore Band in the World.

KL. 20:00 FUNDUR

Sjálfshjálparhópur fyrir fólk sem glímur við þunglyndi hittist kl. 20.00 í þriðjudagskvöld í húsi Geðhjálp að Túngötu 7 í Reykjavík. Hópurinn er öllum opin. Frekari upplýsingar eru að finna á vefnum www.geðhjalp.is



Miðasala

Í dag hefst miðasala á tónleika Morrissey sem verða í Laugardalshöllinni þann 12. ágúst næstkomandi. Síðastliðnar vikur hefur Morrissey farið víða til að kynna nýjustu plötu sína, Ringleader of the Tormentors, sem hefur fengið gríðarlega góða dóma. Á tónleikumunum mun Morrissey leika lög frá öllum ferli sínum, allt frá Smiths-tímanum til dagsins í dag. Verð á tónleikana er 5500 krónur auk 380 króna miðaverðs.

Ögrun hefðbundinnar nálgunar

Síðastliðinn laugardag opnuðu listamennirnir Björk Guðnadóttir, Daniel Magnússon og Hildur Bjarnadóttir sýningar sínar í Nýlistasafninu á Laugavegi 26. Á sýningunum verður innsetning eftir Björk, textaverk og vídeó eftir Daniel og sýningin Fletir eftir Hildi.

Björk er fædd árið 1969 og eftir stúdentspróf nam hún klæðskurð við ESMOD í París og myndlist við fornámsdeild Atelier Hourdé. Auk þess nam Björk við Oslo Kunstakademi auk Myndlista- og Handfaskóla Íslands og Umea Konst-högskola Svíþjóð. Tilvistarlegar hugleiðingar og mannlegt edli er drifkrafturinn að listrænni vinnu Bjarkar. Innsetningin á sýningunni var hennar framlag í sýninguna Volcana, an Icelandic Panorama sem var sett upp í Winnipeg í Kanada í fyrra. Daniel Magnússon



Björk, Daniel, Hildur (FEIT) Listamennirnir Björk Guðnadóttir, Daniel Magnússon og Hildur Bjarnadóttir opnuðu sýningar sínar í Nýlistasafninu á laugardag.

unni var hennar framlag í sýninguna Volcana, an Icelandic Panorama sem var sett upp í Winnipeg í Kanada í fyrra. Daniel Magnússon

son útskrifaðist úr Myndlista- og handfaskólanum 1987. Auk þess að starfa sem myndlistarmaður hefur hann getið sér gott orð sem hönnuður.

Vakið athygli fyrir verk sín

Hildur Bjarnadóttir er fædd í Reykjavík 1969 og stundaði nám við textíleidd Myndlista- og handfaskólans og framhaldsnám við nýlistadeild Pratt Institute í New York. Hildur hefur vakið athygli fyrir verk sín sem hún vinnur á nýstárlegan hátt úr textíleidd og ögrun um leið hefðbundinni nálgun conceptlistamanna. Hildur hefur hlotið fjölda viðurkenninga á ferli sínum og var nú fyrir skömmu tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna.

Verið velkomin í krúttlegustu barnabúðirnar í bænum

BabySam

Skeifunni 8 - s. 568 2200 - Smáralind - s. 534 2200

www.babysam.is

Ögrun hefðbundinnar nálgunar

Síðastliðinn laugardag opnuðu listamennirnir Björk Guðnadóttir, Daniel Magnússon og Hildur Bjarnadóttir sýningar sínar í Nýlistasafninu á Laugavegi 26. Á sýningunum verður innsetning eftir Björk, textaverk og vídeó eftir Daniel og sýningin Fletir eftir Hildi.

Björk er fædd árið 1969 og eftir stúdentspróf nam hún klæðskurð við ESMOD í París og myndlist við fornámsdeild Atelier Hourdé. Auk þess nam Björk við Oslo Kunstakademi auk Myndlista- og Handfaskóla Íslands og Umea Konst-högskola Svíþjóð. Tilvistarlegar hugleiðingar og mannlegt edli er drifkrafturinn að listrænni vinnu Bjarkar. Innsetningin á sýningunni var hennar framlag í sýninguna Volcana, an Icelandic Panorama sem var sett upp í Winnipeg í Kanada í fyrra. Daniel Magnússon

son útskrifaðist úr Myndlista- og handfaskólanum 1987. Auk þess að starfa sem myndlistarmaður hefur hann getið sér gott orð sem hönnuður.

Vakið athygli fyrir verk sín

Hildur Bjarnadóttir er fædd í Reykjavík 1969 og stundaði nám við textíleidd Myndlista- og handfaskólans og framhaldsnám við nýlistadeild Pratt Institute í New York. Hildur hefur vakið athygli fyrir verk sín sem hún vinnur á nýstárlegan hátt úr textíleidd og ögrun um leið hefðbundinni nálgun conceptlistamanna. Hildur hefur hlotið fjölda viðurkenninga á ferli sínum og var nú fyrir skömmu tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna.